

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hrútur 2, L223303.

Byggingarheimild innan gildandi deiliskipulags verður breytt með þeim hætti að eitt þeirra gestahúsa sem skilgreind eru innan byggingarheimilda breytist í geymslu. Engar breytingar eru gerðar á stærð eða hæð.

Eftir breytingu verða því skilmálar skipulags: Innan skilgreinds byggingarreits má reisa nýbyggingar; íbúðarhús auk bílageymslu, gróðurhús, skemmu, hesthús, geymslu og allt að 2 gestahús... Undir liðnum nánari stærðir bætist við: ...geymsla allt að 70 m².

Samþykkt í hreppsnefnd 16. september 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. september 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.